

Garðabær
vt. Almar Guðmundsson, bæjarstjóri
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Efni: Fyrirspurn varðandi framlög til stjórnmalasamtaka

Samkvæmt 5. gr. laga nr. 162/2006, um starfsemi stjórnmalasamtaka, er sveitarfélögum skylt að veita stjórnmalasamtökum sem fengið hafa a.m.k. einn mann kjörinn í sveitarstjórn eða hlotið a.m.k. 5% atkvæða í næstliðnum sveitarstjórnarkosningum árleg fjárframlög til starfsemi sinnar. Í 9. gr. sömu laga kemur fram að stjórnmalasamtök skuli fyrir 1. nóvember ár hvert skila ríkisendurskoðanda reikningum sínum fyrir síðastliðið ár, sbr. 8. gr. og skal ríkisendurskoðandi eins fljótt og unnt er í kjölfarið birta ársreikning stjórnmalasamtaka.

Fyrr á árinu tók Ríkisendurskoðun formlega í notkun starfræna þjónustugátt fyrir ársreikningaskil sem m.a. tekur til stjórnmalasamtaka. Til að gera skilin sem aðgengilegust fyrir stjórnmalasamtökin óskar Ríkisendurskoðun eftir því að sveitarfélagið veiti embættinu upplýsingar um fjárhæðir framlaga sveitarfélagsins til þeirra stjórnmalasamtaka sem uppfylla framangreint skilyrði 5. gr. laga nr. 162/2006 vegna rekstrarársins 2022. Samkvæmt niðurstöðum sveitarstjórnarkosninga þann 14. maí 2022 eru það í tilviki Garðabæjar:

- 1) Framsóknarflokkur
- 2) Garðabæjarlistinn
- 3) Sjálfstæðisflokkur
- 4) Viðreisn

Jafnframt vill Ríkisendurskoðun vekja athygli sveitarfélagsins á ákvæði 5. gr. a. sömu laga sem kveður á um skilyrði úthlutunar. Þar kemur fram að skilyrði úthlutunar á fé frá sveitarstjórnnum séu eftirfarandi:

- a) Að viðkomandi stjórnmalasamtök séu skráð skv. I. kafla C laga nr. 162/2016 þ.e. að þau séu skráð sem stjórnmalasamtök hjá ríkisskattstjóra, skráningu félaganna má fletta upp á vef Skattsins, hér: <https://www.skatturinn.is/fyrirtaekjaskra/leit>. Þar skal rekstrarform félagsins vera skráð P9 – Stjórnmalasamtök,
- b) að áður en til greiðslu kemur hafi viðkomandi stjórnmalasamtök uppfyllt upplýsingaskyldu sína við ríkisendurskoðanda, og
- c) að ríkisendurskoðandi hafi birt ársreikning þeirra.

Hvað varðar b- og c-lið vill Ríkisendurskoðun benda á að í ársreikningum stærri stjórnmalasamtaka kemur fram hvort og þá hvaða sársambönd, kjördæmisráð, eignarhaldsfélög og tengdar sjálfseignarstofnanir eru aðilar að samstæðureikningi en enn fremur hvort og þá hvaða einingum er haldið utan samstæðureiknings skv. reglum þar að lútandi. Það er því ekki sjálfgefið að þrátt fyrir að ársreikningur stjórnmalasamtaka hafi verið birtur að hann innifeli ársreikning þess kjördæmafélags sem boðið hefur fram í sveitarfélaginu. Þeim flokkseiningum sem ekki eru hluti af samstæðureikningsskilum ber að skila ársreikningi til Ríkisendurskoðunar og eru framlög frá sveitarfélögum til viðkomandi flokkseiningar bundin því skilyrði að það hafi verið gert sbr. 5. gr. a. laga nr. 162/2006.

Virðingarfyllst,

Guðmundur Björgvin Helgason
(rafræn undirritun)

Jarprúður Hanna Jóhannsdóttir
(rafræn undirritun)